

Nd.

286. Nefndarálit

[17. mál]

um frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 58 24. apríl 1954.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Ég flyt tvær breytingartillögur við frumvarpið. Samkomulag náðist ekki um þær í nefndinni, og taldi ég því rétt að gera grein fyrir efni þeirra í sérstöku nefndarálit.

Fyrri breytingartill. er um að afnema þann ósið, sem allengi hefur legið hér í landi, að einstakir menn hafa fengið áfengi hjá véineinkasölu ríkisins fyrir aðeins brot af því verði, sem aðrir kaupendur þeirrar vöru hafa þurft að borga. Tillögur um þetta hafa oft áður verið fluttar á Alþingi. Rétt þykir nú, þegar frumvarp um breytingar á áfengislögum er til meðferðar, að gera enn eina tilraun til að koma máli þessu í heilbriggt horf.

Við tveir af nefndarmönnum allsherjarnefndar, 4. þm. Sunnl., Björn Fr. Björnsson, og undirritaður, óskuðum upplýsinga hjá áfengisverzluninni um það, hvaða íslenzkir aðilar hér búsettir nytu þeirra fríðinda að fá áfengi með niðursettu verði, hvað þeir hefðu keypt áfengi fyrir mikla fjárhæð samtals með lága verðinu síðustu tvö árin og hvað þetta áfengi hefði kostað með útsöluverði. Svar við þessum fyrirspurnum barst okkur í bréfi frá Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins, dags. 12. þ. m. Er fyrirspurnunum þar svarað, nema þeirri síðustu, en verzlunin telur tormerki á að veita upplýsingar um það atriði. Hins vegar hefur fengizt upplýst, að álagning verzlunarinnar á áfengi sé frá 50—100% og allt upp í 600—700%. Má af því draga þá ályktun, að mismunurinn á kostnaðarverðinu, sem einstakir menn borga fyrir vínið, og hinu venjulega útsöluverði sé mjög mikill, enda kemur það fram í reikningum einkasölnunnar.

Fyrirspurnir okkar og svarbréf einkasölnunnar eru hirt sem fylgiskjöl með nefndarálitinu þessu.

Því er stundum haldið fram, að þeir, sem njóta sérréttindanna hjá áfengisverzluninni, þurfi á þeim að halda vegna risnuskyldu, sem á þeim hvíli. Þetta er ekki

rétt. Ríkið á að bera kostnað af þeim opinberu veizlum, sem óhjákvæmilegt eða rétt þykir að halda, en ekki einstakir ráðherrar eða aðrir embættismenn. Skynsamlegast væri að fella með öllu niður vínveitingar í veizlum ríkisins og ríkisstofnana, enda hafa oft verið fluttar tillögur um það efni á Alþingi á liðnum árum. Ef þetta væri gert, gæti það sennilega haft góð áhrif á aðrar stofnanir og einstaklinga í þjóðfélaginu. En jafnvel þó að haldið verði áfram enn um sinn að veita áfenga drykki í ríkisveizlum, er það fjarri öllum sanni, að nokkur ástæða sé til að selja það áfengi með kostnaðarverði frá áfengisverzlun ríkisins. Ríkið hefur engan hagnað af slíku fyrirkomulagi á bókhaldinu.

Þeir viðskiptahættir hjá áfengisverzluninni, sem hér hafa verið nefndir, hafa haft það í för með sér, að einstakir menn hafa fengið vín með lága verðinu til einkanota og veitinga á heimilum sínum. Þetta er óeðlilegt og ósæmilegt, og það hefur enga stoð í lögum. Hjá verzlunum ríkisins ættu allir landsmenn að búa við sömu viðskiptakjör. Því er nauðsynlegt að setja það ákvæði í lög, að vörur áfengisverzlunarinnar skuli seldar öllum landsmönnum við sama verði.

Í gær, sunnudaginn 16. febrúar, talaði presturinn í dómkirkjunni í Reykjavík um freistingarnar, sem mæta okkur mönnum á lífsleiðinni. Hann rifjaði upp frásögn ritningarinnar af því, þegar myrkráhöfðinginn fór með frelsarann upp á ofurhátt fjall, sýndi honum öll ríki heimsins og þeirra dýrð og mælti við hann: Allt þetta mun ég gefa þér, ef þú fellur fram og tilbiður mig.

Síðan þetta gerðist, eru liðnar meira en 19 aldir. Þó er sá gamli enn á ferli, og ekki svo mjög fótþúinn. Hann kemur við á Íslandi á ferðalagi sínu. Hann fer með nokkra æðstu menn lýðveldisins inn í vínbúð ríkisins. Hann bendir á glitrandi veigar í fallegum flöskum og hvíslar að forunautum sínum: Hér getið þið fengið margar tegundir vins með miklum afslætti frá því verði, sem aðrir viðskiptamenn borga, ef þið viljið heiðra verzlunina með ykkar viðskiptum.

Hvað segja þessir góðu menn um tilboðið? Taka þeir sér í munn hin frægu orð meistarans: Vík burt, Satan?

Þeir hafa ekki allir gert það hingað til — því miður.

Eins og fram kemur í bréfi Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins, hefur einkasalan selt mikið áfengi með kostnaðarverði til friðhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli, og er það selt þaðan til farþega með flugvélum við brottför þeirra af landinu. Þá hafa Eimskipafélag Íslands h/f og Skipautgerð ríkisins fengið áfengi með sömu kjörum, og er það selt farþegum í ferðum milli landa, en ekki til neyzlu innanlands. Þá mun einkasalan einnig selja sendiherrum erlendra ríkja hér á landi áfengi með lágu verði, og er það talið í samræmi við reglur, sem gildi í öðrum löndum. Vel má vera, að einhverjir, sem vilja stuðla að því að afnema hin óeðlilegu hlunnindi einstakra manna í skiptum við áfengisverzlunina, telji rétt að láta þessar sérreglur um skipti við útlendinga og fólk í utanlandsferðum haldast, og legg ég því til í breytingartillögu minni, að einkasölunni skuli heimilt að haga þeim viðskiptum á sama hátt og nú er gert.

Síðari brtt. mín er um stofnun áfengisvarnasjóðs. Í frumvarpi til áfengislaganna, sem nú gilda, var ákvæði um stofnun slíks sjóðs, og samkv. frumv. skyldu renna til hans árlega 3% af hagnaði áfengisverzlunarinnar. Sjóðurinn átti að standa straum af kostnaði við áfengisvarnir, bindindisfræðslu og útbreiðslu bindindis. Þetta ákvæði var fellt niður úr frv. við afgreiðslu þess á þinginu 1954. Í fyrra var borið fram á Alþingi frv. til laga um áfengisvarnasjóð, en varð ekki útrætt. Það var endurflutt á þinginu s. l. haust, en hefur ekki enn hlotið afgreiðslu. Ég tel því rétt að taka þetta mál upp í sambandi við þá breytingu á áfengislögunum, sem áformað er að gera samkv. þessu frumvarpi.

Um það ætti ekki að vera ágreiningur, að brýn þörf sé að auka fræðslu um skaðsemi áfengis og efla bindindisstarf, einkum meðal ungs fólks, og réttmætt er, að ríkið leggi fram nokkru meira fé en nú er gert til þeirrar nauðsynlegu starfsemi.

Réttara þykir að ákveða fast árgjald úr ríkissjóði til áfengisvarnasjóðs heldur

en að miða tekjur hans við hagnað af vinsölu. Er hér lagt til, að ríkisframlagið til sjóðsins verði 5 millj. kr. á ári.

Í sambandi við þær tillögur og breytingar á frv., sem allsherjarnefnd flytur, vil ég taka fram, að ég tel rétt að gera strangari þau ákvæði í frv., sem stuðlað gætu að því að koma í veg fyrir áfengisneyzlu ungmenna. T. d. ætti að setja í lög bann við því, að ungmenni innan 18 ára dveljist á vínveitingastöðum að kvöldlagi. Mun þetta atriði verða tekið til nánari athugunar í nefndinni, áður en frv. verður afgreitt frá þingdeildinni.

Með skírskotun til þess, er að framan greinir, legg ég til, að frumvarpið verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Á undan 1. gr. komi ný grein, er verði 1. gr. frv., þannig:

Í stað síðasta másl. 9. gr. laganna komi:

Óheimilt er að gefa afslátt frá hinu ákveðna útsöluverði. Þó má selja sendiherrum og sendifulltrúum erlendra ríkja áfengi með lægra verði, og einnig er heimilt að veita Eimskipafélagi Íslands h/f, Skipaútgerð ríkisins og Frihöfninni á Keflavíkurflugvelli afslátt á verði áfengis, enda sé það eingöngu selt farþegum í utanlandsferðum, en komi ekki til neyzlu innanlands.

2. Á eftir 3. gr. komi ný grein, þannig:

Á eftir 31. gr. laganna komi ný grein, er verði 32. gr., svo hljóðandi:

Ríkissjóður greiðir árlega 5 millj. kr. í áfengisvarnasjóð, í fyrsta sinn árið 1964. Hlutverk áfengisvarnasjóðs er að styrkja áfengisvarnir, fræðslu um skaðsemi áfengis og bindindisstarf, einkum meðal ungs fólks. Sjóðurinn má styrkja önnur æskulýðssamtök en bindindisfélög, ef þau annast starfsemi, sem vinnur gegn áfengisnautn, og hindra fullkomlega alla áfengisneyzlu á samkomum sínum.

Áfengisvarnaráð stjórnar áfengisvarnasjóði og ákveður, hvernig tekjum hans skuli varið. Reikningar sjóðsins skulu birtir opinberlega.

Alþingi, 17. febr. 1964.

Skúli Guðmundsson.

Fylgiskjal. I.

Alþingi, 23. jan. 1964.

Í tilefni af því, að stjórnarfrumvarp um breytingar til áfengislögunum er nú til athugunar hjá allsherjarnefnd neðri deildar Alþingis, viljum við undirritaðir nefndarmenn allsherjarnefndar leyfa okkur að óska upplýsinga hjá **Áfengis- og tóbaksverzlun** ríkisins um neðangreind atriði:

1. Hvaða íslenzkir aðilar, búsettir hér á landi, fá áfengi hjá Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins með niðurstettu verði?
2. Hvað keyptu þeir áfengi hjá verzluninni fyrir mikla fjárhæð samtals á árunum 1962 og 1963 með lága verðinu?
3. Hvað hefði þetta áfengi kostað með útsöluverði?

Upplýsingar þessar óskast sendar okkur við hentugleika.

Virðingarfyllst,

Skúli Guðmundsson. Björn Fr. Björnsson.

Til Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins, Reykjavík.

Fylgiskjal II.

ÁFENGIS- OG TÓBAKSVERZLUN RÍKISINS

Reykjavík, 12. febrúar 1964.

Sem svar við bréfi yðar, dags. 23. f. m., viljum vér upplýsa eftirfarandi:

1. Þeir íslenskir aðilar búsettir hér á landi, er fá áfengi keypt hjá oss á kostnaðarverði, eru þessir:

Forseti Íslands, handhafar forsetavalds, ríkisstjórn, ráðherrar, ráðuneytin, Alþingi, forseti sameinaðs Alþingis, Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins, forstjóri Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins, Eimskipafélag Íslands, Ríkisskip, Frihöfnin á Keflavíkurflugvelli.

Þá hafa deildarforsetar Alþingis heimild til að kaupa áfengi á kostnaðarverði fyrir allt að kr. 2000.00 og varaforsetar Alþingis fyrir allt að kr. 1000.00 á hverju þingi.

Tekið skal fram, að handhafar forsetavalds hafa aðeins rétt til slíkra áfengiskaupa þann tíma, sem forsetavaldið er í þeirra höndum.

Áfengi það, er Eimskipafélag Íslands og Ríkisskip kaupa, er einungis selt í siglingum milli landa og kemur því ekki til neyzlu innanlands.

Frihöfnin selur aðeins farþegum flugvéla við brottför þeirra af landinu, og kemur því heldur ekki til neyzlu innanlands áfengi það, er hún selur.

2. Aðilar þessir keyptu á árunum 1962 og 1963 áfengi fyrir eftirtaldar upphæðir:

1962: Kr. 3185853.00

1963: Kr. 3257793.00

Þar af námu kaup Frihafnarinnar:

1962: Kr. 2641357.00

1963: Kr. 2558149.00

Í heildartölunni eru innifalin m. a. öll áfengiskaup vegna veizluhalda á vegum ríkisstjórnarinnar og Alþingis.

3. Ógerlegt er um það að segja, hversu mikið áfengi þetta kostar á fullu verði, þar sem álagning á áfengi er mjög mishá eftir tegundum. Ágizkunartala er einskis virði, en ef fá ætti rétta tölu, þyrfti að fara í gegnum hverja afgreiðslunótu, og er það mjög mikið verk.

Í von um, að þessar upplýsingar svari fyrirspurnum yðar,

kveðjum vér virðingarfyllt,

Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins

Jón Kjartansson.

Til hr. alþingismanna,
Skúla Guðmundssonar og Björns Fr. Björnssonar,
Alþingi.